

AUGLÝSING

um bókun um breytingu á Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar – Samningur um styrki til sjávarútvegs.

Hinn 10. maí 2023 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands vegna bókunar, sem gerð var í Genf 17. júní 2022, um breytingu á Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar – Samningur um styrki til sjávarútvegs, frá 15. apríl 1994, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 62/1995 þar sem samningurinn er birtur. Gildistaka bókunarinnar verður auglýst síðar.

Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 2024.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. febrúar 2024.

Bjarni Benediktsson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
UM STYRKI TIL SJÁVARÚTVEGS**

RÁÐHERRAÁKVÖRÐUN FRÁ 17. JÚNÍ 2022

Ráðherraráðstefnan,
með hliðsjón af 1. mgr. X. gr. Marakess-samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina),

sem minnst umboðsins sem aðilum var veitt á elleftu ráðherraráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Buenos Aires árið 2017 þess efnis að næsta ráðherraráðstefna skyldi samþykkja samning um heildstæðar og skilvirkar verklagsreglur, sem bannar tiltekna tegundir styrkja til sjávarútvegs sem stuðla að umframgetu og umframveði og afnemur styrki sem stuðla að ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum, jafnframt því að gera sér grein fyrir því að viðeigandi og skilvirk, sérstök og mismunandi meðferð fyrir þróunaraðildarlöndin og aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun ætti að vera óaðskiljanlegur hluti af þessum samningaviðræðum,

ákveður eftirfarandi:

1. Bókunin um breytingu á samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, sem fylgir með þessari ákvörðun, er hér með samþykkt og lögð fyrir aðilana til staðfestingar.
2. Bókunin er hér með opin til staðfestingar af hálfu aðilanna.
3. Bókunin skal öðlast gildi í samræmi við ákvæði 3. mgr. X. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
4. Þrátt fyrir grein 9.4 í samningnum um styrki til sjávarútvegs skal samningahópurinn um reglur halda áfram samningaviðræðum á grundvelli útistandandi atriða í skjölum WT/MIN(21)/W/5 og WT/MIN(22)/W/20 með það fyrir augum að leggja tilmæli fyrir þrettándu ráðherraráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um viðbótarákvæði sem myndu ná fram heildstæðum samningi um styrki til sjávarútvegs, þ.m.t. með frekari verklagsreglum varðandi tiltekna tegundir styrkja til sjávarútvegs sem stuðla að umframgetu og umframveði, jafnframt því að gera sér grein fyrir því að viðeigandi og skilvirk, sérstök og mismunandi meðferð fyrir þróunaraðildarlönd og aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun ætti að vera óaðskiljanlegur hluti af þessum samningaviðræðum.

Fylgiskjal.**BÓKUN UM BREYTINGU Á MARAKESS-SAMNINGNUM UM STOFNUN
ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNARINNAR****SAMNINGUR UM STYRKI TIL SJÁVARÚTVEGS**

Aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,
sem hafa hliðsjón af ákvörðun ráðherraráðstefnunnar í skjali WT/MIN(22)/33 – WT/L/1144 sem samþykkt var skv. 1. mgr. X. gr. Marakess-samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina),

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. Við gildistöku þessarar bókunar skv. 4. mgr. skal breyta 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina með því að fella samninginn um styrki til sjávarútvegs, sem fram kemur í viðaukanum við þessa bókun, inn á eftir samningnum um styrki og jöfnunar-ráðstafanir.
2. Óheimilt er að gera fyrirvara við ákvæði þessarar bókunar.
3. Bókunin er hér með opin til staðfestingar af hálfu aðilanna.
4. Bókun þessi skal öðlast gildi í samræmi við 3. mgr. X. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.¹

¹ Við útreikning á þeim fjölda sem hefur staðfest skv. 3. mgr. X. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina skal

5. Bókun þessi skal afhent aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til vörslu og skal hann án tafar láta sérhverjum aðila í té staðfest endurrit bókunarinnar og tilkynningu um sérhverja staðfestingu hennar skv. 3. mgr.
6. Bókun þessa skal skrá í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gjört í Genf 17. júní 2022 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

VIÐAUKI SAMNINGUR UM STYRKI TIL SJÁVARÚTVEGS

1. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi gildir um styrki, í skilningi greinar 1.1 í samningnum um styrki og jöfnunar-ráðstafanir, sem eru sértækir í skilningi 2. gr. þess samnings, til veiða á villtu sjávarfangi og starfsemi sem tengist fiskveiðum í sjó.^{2, 3, 4}

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „fiskur“ merkir allar tegundir lifandi sjávarauðlinda, hvort sem þær eru unnar eða ekki,
- „fiskveiðar“ merkir að leita að, laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk eða hvers kyns athafnir sem ætla má að feli í sér að laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk,
- „starfsemi sem tengist fiskveiðum“ merkir hvers konar aðgerð til stuðnings, eða til undirbúnings, fiskveiðum, þ.m.t. löndun, þökkun, vinnsla, umferming eða flutningur á fiski sem ekki hefur áður verið landað í höfn, auk útvegunar á starfsfólki, eldsneyti, búnaði og öðrum birgðum á sjó,
- „skip“ merkir skip, einhverrar gerðar, eða bátur sem er útbúinn eða ætlaður til fiskveiða eða starfsemi sem tengist fiskveiðum,
- „útgerðarmaður“ merkir eigandi skips eða sá sem ber ábyrgð á eða stýrir eða stjórnar skipinu.

3. gr.

Styrkir sem stuðla að ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum⁵.

- Enginn aðili skal veita styrk eða viðhalda styrk til skips eða útgerðarmanns⁶ sem tekur þátt í ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum eða starfsemi sem tengist fiskveiðum sem styður ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar.
- Að því er grein 3.1 varðar skal litið svo á að skip eða útgerðarmaður taki þátt í ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum ef einhver eftirtalinna aðila hefur ákvarðað að svo sé^{7, 8}:
 - strandaðildarríki, vegna starfsemi á svæðum innan lögsögu þess, eða
 - fánaaðildarríki, vegna starfsemi skipa sem sigla undir fána þess, eða
 - viðeigandi svæðisbundin fiskveiðistjórnarstofnun (RFMO/A), í samræmi við reglur og málsmeðferðarreglur hennar og viðeigandi alþjóðalög, þ.m.t. með tímanlegri tilkynningu og viðeigandi upplýsingum, á svæðum og að því er varðar tegundir sem heyra undir valdsvið hennar.

²Til glöggvunar eru lagareldi og fiskveiðar í ám og vötnum undanþegin gildissviði þessa samnings.

³Til glöggvunar skulu greiðslur milli stjórnvalda samkvæmt samningnum um aðgang til fiskveiða ekki teljast styrkir í skilningi þessa samnings.

⁴Til glöggvunar skal, að því er þennan samning varðar, tengja styrk þeim aðila sem veitir hann, óháð fána eða skráningu skipsins sem um ræðir eða þjóðerni viðtakandans.

⁵„Ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar“ vísa til starfsemi sem sett er fram í 3. mgr. *alþjóðlegu aðgerðaráætlunarinnar um að koma í veg fyrir, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar (International Plan of Action to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing)* sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 2001.

⁶Að því er 3. gr. varðar merkir hugtakið „útgerðarmaður“ útgerðarmaður, í skilningi e-liðar 2. gr., á þeim tíma sem ólöglega, ótilkynnta og stjórnlausar fiskveiðibrotið á sér stað. Til glöggvunar á bannið gegn því að veita styrki eða viðhalda styrkjum til útgerðarmanna, sem taka þátt í ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum, við um styrki sem veittir eru til fiskveiða og starfsemi sem tengist fiskveiðum í sjó.

⁷Ekkert í þessari grein skal túlkað svo að aðilum sé skylt að hefja rannsóknir á ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum eða taka ákvarðanir varðandi slíkar veiðar.

⁸Ekkert í þessari grein skal túlkað svo að það seinki eða hafi áhrif á gildi eða framfylgd ákvarðana um ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar.

- 3.3 a) Ákvörðun⁸ skv. grein 3.2 vísar til endanlegrar niðurstöðu aðila og/eða endanlegrar skráningar svæðisbundinnar fiskveiðistjórnarstofnunar þess efnis að skip eða útgerðarmaður hafi tekið þátt í ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum.
- b) Að því er a-lið greinar 3.2 varðar skal bannið skv. grein 3.1 gilda þegar ákvörðun strandaðildarríkisins er byggð á viðeigandi upplýsingum um staðreyndir og strandaðildarríkið hefur látið fáanaðildarríkinu og, ef hann er þekktur, aðilanum sem veitir styrkinn eftirfarandi í té:
- tímanlega tilkynningu, eftir viðeigandi leiðum, um að skip hafi verið kyrrsett tímabundið eða útgerðarmaður sætt frelsissviptingu tímabundið á meðan frekari rannsókn fer fram á þátttöku í ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum, eða um að strandaðildarríkið hafi hafið rannsókn á slíkum veiðum, ásamt vísun í viðeigandi upplýsingar um staðreyndir, gildandi lög, reglur, stjórnsýslumeðferðir eða aðrar viðeigandi ráðstafanir,
 - tækifæri til að skiptast á viðeigandi upplýsingum⁹ áður en ákvörðun er tekin til að unnt sé að taka tillit til slíkra upplýsinga við endanlega ákvörðun. Strandaðildarríkið getur tilgreint hvernig slík upplýsingaskipti skuli fara fram og innan hvaða tímamarka og
 - tilkynningu um endanlega ákvörðun og hvers konar refsiaðgerðir sem beitt er, m.a. tímalengd þeirra, ef við á.

Strandaðildarríkið skal tilkynna nefndinni, sem kveðið er á um í grein 9.1 (í þessum samningi kölluð „nefndin“), um að ákvörðun hafi verið tekin.

- 3.4 Aðilinn sem veitir styrkinn skal taka tillit til eðlis, alvarleika og tíðni ólöglegra, ótilkynnta og stjórnlausra fiskveiða skips eða útgerðarmanns þegar hann ákveður hversu lengi bannið í grein 3.1 skuli vara. Bannið í grein 3.1 skal gilda a.m.k. jafnlengi og refsiaðgerðin¹⁰, sem leiðir af ákvörðuninni sem orsakaði bannið, er í gildi eða a.m.k. jafnlengi og skipið eða útgerðarmaðurinn er á skrá hjá svæðisbundinni fiskveiðistjórnarstofnun, hvort sem varir lengur.
- 3.5 Aðilinn sem veitir styrkinn skal tilkynna nefndinni, í samræmi við grein 8.3, um ráðstafanir sem gerðar eru skv. grein 3.1.
- 3.6 Tilkynni hafnaraðildarríki aðila sem veitir styrki að það hafi gildar ástæður til að ætla að skip í einni af höfnum þess hafi tekið þátt í ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum skal aðilinn sem veitir styrki taka tilhlýðilegt tillit til upplýsinganna og grípa til þeirra aðgerða sem hann telur viðeigandi varðandi styrki sína.
- 3.7 Sérhver aðili skal búa yfir lögum, reglum og/eða stjórnsýslumeðferðum til að tryggja að styrkir, sem um getur í grein 3.1, þ.m.t. styrkir sem eru við lýði við gildistöku þessa samnings, séu ekki veittir eða þeim viðhaldið.
- 3.8 Í tvö ár frá gildistöku þessa samnings skulu styrkir, sem þróunaraðildarlönd, þ.m.t. aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun, veita og viðhalda upp að sérefnahagslögsögunni og innan hennar, vera undanþegnir þeim aðgerðum sem byggjast á grein 3.1 og 10. gr. þessa samnings.

4. gr.

Styrkir vegna ofveiddra fiskistofna.

- 4.1 Enginn aðili skal veita styrki eða viðhalda styrkjum til fiskveiða eða starfsemi sem tengist fiskveiðum á ofveiddum fiskistofnum.
- 4.2 Að því er þessa grein varðar telst fiskistofn vera ofveiddur ef hann er viðurkenndur sem slíkur af strandaðildarríkinu þar sem fiskveiðarnar fara fram eða af viðeigandi svæðisbundinni fiskveiðistjórnarstofnun á svæðum og að því er varðar tegundir sem heyra undir valdsvið hennar, á grundvelli bestu fáanlegu vísindagagna.
- 4.3 Þrátt fyrir grein 4.1 er aðila heimilt að veita styrki eða viðhalda styrkjum sem um getur í grein 4.1 ef slíkir styrkir eða aðrar ráðstafanir eru ætluð til þess að byggja stofninn upp að nýju að líffræðilega sjálfbærum mörkum.¹¹

⁹ Þetta getur t.d. falið í sér tækifæri til viðræðna eða skriflegra upplýsingaskipta ef fánaríkið eða aðilinn sem veitir styrkinn fer fram á það.

¹⁰ Um lok refsiaðgerða fer samkvæmt lögum eða málsmeðferðarreglum þess yfirvalds sem tók ákvörðunina sem um getur í grein 3.2.

¹¹ Að því er þessa málsgrein varðar teljast líffræðilega sjálfbær mörk vera þau mörk sem strandaðildarríkið, sem á lögsögu á

- 4.4 Í tvö ár frá gildistöku þessa samnings skulu styrkir, sem þróunaraðildarlönd, þ.m.t. aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun, veita eða viðhalda upp að sérefnahagslögsögunni og innan hennar, undanþegnir þeim aðgerðum sem byggjast á grein 4.1 og 10. gr. þessa samnings.

5. gr.

Aðrir styrkir.

- 5.1 Enginn aðili skal veita styrki eða viðhalda styrkjum til fiskveiða eða starfsemi sem tengist fiskveiðum utan lögsögu strandaðildarríkis eða strandríkis, sem stendur utan aðildar, og er utan valdsviðs viðeigandi svæðisbundinnar fiskveiðistjórnarstofnunar.
- 5.2 Aðili skal sýna sérstaka aðgát og tilhlýðilegt aðhald þegar hann veitir styrki til skipa sem sigla ekki undir fána hans.
- 5.3 Aðili skal sýna sérstaka aðgát og tilhlýðilegt aðhald þegar hann veitir styrki til fiskveiða eða starfsemi sem tengist veiðum á fiskistofnum ef staða þeirra er ekki kunn.

6. gr.

Sértæk ákvæði varðandi aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun.

Aðili skal sýna tilhlýðilegt aðhald þegar hann ber upp mál þar sem í hlut á aðildarland sem er meðal þeirra sem eru skemmst á veg komin í þróun og við lausnir skal taka tillit til sérstakra aðstæðna slíks aðildarlands, ef um það er að ræða.

7. gr.

Tækniadstoð og uppbygging á getu.

Veita skal þróunaraðildarlöndum, þ.m.t. aðildarlöndum sem skemmst eru á veg komin í þróun, markvissa tækniadstoð og aðstoð við uppbyggingu á getu til að koma verklagsreglum þessa samnings til framkvæmda. Til að styðja við þessa aðstoð skal koma á fót fjálsu fjármögnunarkerfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í samstarfi við viðeigandi alþjóðastofnanir, s.s. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðasjóðinn um þróun landbúnaðar. Framlög aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni til kerfisins skulu vera algjörlega fjáls og ekki koma af hefðbundnum fjárveitingum.

8. gr.

Tilkynningar og gagnsæi.

- 8.1 Með fyrirvara um 25. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir og í því skyni að efla og styrkja tilkynningar um styrki til sjávarútvegs og til að gera það kleift að hafa virkara eftirlit með framkvæmd skuldbindinga varðandi styrki til sjávarútvegs skal sérhver aðili
- a) veita eftirfarandi upplýsingar sem hluta af reglubundinni tilkynningu sinni um styrki til sjávarútvegs skv. 25. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir^{12,13}: til hvaða tegunda eða fiskveiðistarfsemi styrkurinn er veittur,
- b) að því marki sem unnt er, láta í té eftirfarandi upplýsingar sem hluta af reglubundinni tilkynningu sinni um styrki til sjávarútvegs skv. 25. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir^{12,13}:
- i) staða þeirra fiskistofna sem styrkurinn er veittur til veiða á (t.d. ofveiði, sjálfbær hámarksveiði eða vanveiði) og þá viðmiðunarpunkta sem notaðir eru, og hvort slíkir

Því svæði þar sem fiskveiðarnar eða starfsemin sem tengist fiskveiðum fer fram, ákveður með því að nota viðmiðunarpunkta á borð við sjálfbæran hámarksafrakstur eða aðra viðmiðunarpunkta, í samræmi við þau gögn sem tiltæk eru um veiðarnar, eða viðeigandi svæðisbundin fiskveiðistjórnarstofnun ákveður á svæðum og að því er varðar tegundir sem heyra undir valdsvið hennar.

¹² Að því er grein 8.1 varðar skulu aðilar veita þessar upplýsingar til viðbótar við allar þær upplýsingar sem krafist er skv. 25. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir og eins og mælt er fyrir um í spurningalistum nefndarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, t.d. G/SCM/6/Rev.1.

¹³ Þau aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunaraðildarlönd þar sem árleg hlutdeild í heildarmagni unnins sjávaraflla fer ekki yfir 0,8% samkvæmt nýjustu birtu gögnum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SÞ, sem aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar dreifir, mega tilkynna um viðbótarupplýsingarnar í þessari undirgrein á fjögurra ára fresti.

stofnar séu sameiginlegir¹⁴ með öðrum aðila eða hvort þeir heyri undir stjórn svæðisbundinnar fiskveiðistjórnarstofnunar,

- ii) fyrirbyggjandi verndar- og stjórnunarráðstafanir vegna viðkomandi fiskistofns,
 - iii) veiðigeta flotans til þeirra veiða sem styrkurinn er veittur til,
 - iv) heiti og auðkennisnúmer fiskiskipsins eða -skipanna sem fá styrkinn og
 - v) aflatölur eftir tegundum eða tegundahópum fyrir þær veiðar sem styrkurinn er veittur til.¹⁵
- 8.2 Árlega skal hver aðili tilkynna nefndinni skriflega um skrá yfir skip og útgerðarmenn sem hann hefur ákvarðað að hafi tekið þátt í ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum.
- 8.3 Hver aðili skal, innan árs frá gildistökudegi þessa samnings, tilkynna nefndinni um þær ráðstafanir sem í gildi eru eða gerðar eru til að tryggja framkvæmd og stjórnsýslu þessa samnings, þ.m.t. þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til framkvæmdar banninu í 3., 4. og 5. gr. Hver aðili skal einnig upplýsa nefndina þegar í stað um hvers konar breytingar á slíkum ráðstöfunum eftir það og um nýjar ráðstafanir sem gerðar eru til framkvæmdar banninu í 3. gr.
- 8.4 Hver aðili skal, innan árs frá gildistökudegi þessa samnings, láta nefndinni í té lýsingu á fiskveiðikerfi sínu með tilvísunum í lög sín, reglur og stjórnsýslumeðferðir sem varða þennan samning og upplýsa nefndina tafarlaust um hvers konar breytingar eftir það. Aðila er heimilt að uppfylla þessa skyldu með því að senda nefndinni uppfærðan, rafrænan tengil á opinbera vefsíðu sína eða aðra viðeigandi opinbera vefsíðu þar sem þessar upplýsingar koma fram.
- 8.5 Aðila er heimilt að fara fram á viðbótarupplýsingar frá aðilanum sem leggur fram tilkynninguna varðandi tilkynningar og upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein. Aðilinn sem leggur tilkynninguna fram skal svara slíkri beiðni eins fljótt og auðið er, skriflega og á greinargóðan hátt. Telji aðili að tilkynning eða upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi ekki verið veittar getur hann vakið athygli hins aðilans eða nefndarinnar á því.
- 8.6 Aðilar skulu, við gildistöku þessa samnings, tilkynna nefndinni skriflega um hverja þá svæðisbundnu fiskveiðistjórnarstofnun sem þeir eru aðilar að. Tilkynningin skal a.m.k. innihalda texta lagagerningsins um stofnun svæðisbundnu fiskveiðistjórnarstofnunarinnar, svæði og tegundir sem heyra undir valdsvið hennar, upplýsingar um ástand fiskistofna sem hún fer með stjórnun á, lýsingu á verndar- og stjórnunarráðstöfunum hennar, hvaða reglur og málsmeðferðarreglur gilda um ákvarðanir hennar varðandi ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar veiðar, og uppfærðar skrár yfir skip og/eða útgerðarmenn sem hún hefur ákvarðað að stundi ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar. Einn aðili eða hópur aðila getur lagt slíka tilkynningu fram.¹⁶ Tilkynna skal nefndinni tafarlaust um hvers kyns breytingar á þessum upplýsingum. Skrifstofa nefndarinnar skal halda skrá yfir svæðisbundnar fiskveiðistjórnarstofnanir sem tilkynnt er um samkvæmt þessari grein.
- 8.7 Aðilarnir samþykkja að tilkynning um ráðstöfun hefur ekki áhrif á a) réttarstöðu ráðstöfunarinnar samkvæmt GATT-samningnum frá 1994, samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir eða þessum samningi, b) afleiðingar ráðstöfunarinnar samkvæmt samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir, eða c) eðli ráðstöfunarinnar sjálfrar.
- 8.8 Ekkert í þessari grein gerir kröfu um að trúnaðarupplýsingar séu láttnar í té.

9. gr.

Stofnanafyrirkomulag.

- 9.1 Hér með er komið á fót nefnd um sjávarútvegsstyrki sem skipuð er fulltrúum frá hverjum aðilanna. Nefndin skal kjósa sér formann og koma saman a.m.k. tvisvar á ári og að öðru leyti eins og gert er ráð fyrir í viðeigandi ákvæðum þessa samnings, að beiðni aðila. Nefndin skal sinna þeim skyldum sem henni eru faldar samkvæmt þessum samningi eða af hálfu aðilanna og skal veita aðilunum tækifæri til samráðs um hvert það málefni sem tengist rekstri samnings þessa

¹⁴ Hugtakið „sameiginlegir fiskistofnar“ vísar til stofna sem finnast í sérefnahagslögsögu tveggja eða fleiri strandaðildarríkja eða bæði innan sérefnahagslögsögunnar og á svæði utan hennar og sem liggur að henni

¹⁵ Þegar um er að ræða fjölstofna fiskveiðar er aðila heimilt að leggja fram aðrar viðeigandi og tiltækar aflatölur í staðinn.

¹⁶ Heimilt er að uppfylla þessa skyldu með því að senda uppfærðan, rafrænan tengil á opinbera vefsíðu aðilans sem leggur fram tilkynninguna eða aðra viðeigandi opinbera vefsíðu þar sem þessar upplýsingar koma fram.

eða framgangi markmiða hans. Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal annast skrifstofuhald fyrir nefndina.

- 9.2 Nefndin skal kanna allar upplýsingar, sem veittar eru skv. 3. og 8. gr. og þessari grein, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.
- 9.3 Nefndin skal endurskoða framkvæmd og rekstur þessa samnings ár hvert með tilliti til markmiða hans. Nefndin skal tilkynna vöruviðskiptaráðinu árlega um þá þróun sem orðið hefur á því tímabili sem endurskoðanirnar ná til.
- 9.4 Eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag samnings þessa og á þriggja ára fresti eftir það skal nefndin endurskoða rekstur þessa samnings með það í huga að greina allar nauðsynlegar breytingar til að bæta rekstur hans, að teknu tilliti til markmiða hans. Nefndin getur, eftir því sem við á, lagt tillögur að breytingum á texta þessa samnings fyrir vöruviðskiptaráðið, m.a. með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd hans.
- 9.5 Nefndin skal vera í nánú sambandi við Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP og aðrar hlutaðeigandi alþjóðastofnanir á sviði fiskveiðistjórnunar, þ.m.t. viðkomandi svæðisbundnar fiskveiðistjórnarstofnanir.

10. gr.

Lausn deilumála.

- 10.1 Ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim er beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, skulu gilda um viðræður og lausn deilumála samkvæmt þessum samningi nema sérstaklega sé kveðið á um annað í þessum samningi.¹⁷
- 10.2 Með fyrirvara um 1. mgr. skulu ákvæði 4. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir¹⁸ gilda um viðræður og lausn deilumála skv. 3., 4. og 5. gr. þessa samnings.

11. gr.

Lokaákvæði.

- 11.1 Að undanskildu því sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. skal ekkert í þessum samningi koma í veg fyrir að aðildarríki veiti styrk til aðstoðar vegna hamfara eða stórálfalls¹⁹, að því tilskildu að styrkurinn:
 - a) takmarkist við aðstoð í tilteknum hamförum eða stórálfalli,
 - b) takmarkist við landsvæðið sem verður fyrir áhrifum,
 - c) sé til tiltekins tíma og
 - d) ef um er að ræða styrki til endurbyggingar, takmarkist við að koma þeim fiskveiðum sem orðið hafa fyrir áhrifum og/eða flotanum sem orðið hefur fyrir áhrifum að nýju á það stig sem þær eða hann var á fyrir hamfarirnar eða stórálfallið.
- 11.2 a) Samningur þessi, þ.m.t. hvers kyns niðurstöður, tilmæli og úrskurðir víðvíkjandi þessum samningi, skal ekki hafa nein réttaráhrif með tilliti til krafna varðandi yfirráðasvæði eða afmörkun hafsvæða.
- b) Kærunefnd, sem komið er á fót skv. 10. gr. þessa samnings, skal ekki komast að niðurstöðu varðandi neina þá kröfu sem myndi skylda hana til að byggja niðurstöður sínar á kröfum sem settar hafa verið fram um yfirráðasvæði eða afmörkun hafsvæða.²⁰
- 11.3 Ekkert í þessum samningi skal túlkað eða því beitt á þann hátt að brjóti í bága við lögsögu, réttindi og skyldur aðilanna samkvæmt alþjóðalögum, þ.m.t. hafrétti.²¹
- 11.4 Ef ekki er kveðið á um annað skal ekkert í þessum samningi gefa til kynna að aðili sé bundinn af ráðstöfunum eða ákvörðunum svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana sem hann er ekki aðili eða á í samstarfi við en er ekki aðili að, eða að hann viðurkenni slíka stofnun.

¹⁷ Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og 26. gr. samkomulagsins um lausn deilumála gilda ekki um lausn deilumála samkvæmt samningi þessum

¹⁸ Að því er þessa grein varðar vísar hugtakið „bannaður styrkur“ í 4. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir til styrkja sem eru bannaðir skv. 3., 4. eða 5. gr. þessa samnings.

¹⁹ Til glöggvunar gildir þetta ákvæði ekki um efnahags- eða fjármálakreppur.

²⁰ Þessi takmörkun gildir einnig um gerðardómsmann sem skipaður er skv. 25. gr. samkomulagsins um lausn deilumála.

²¹ Þar með taldar reglur og málsmeðferðarreglur svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana.

11.5 Þessi samningur breytir hvorki né ógildir réttindi og skyldur sem kveðið er á um í samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir.

12. gr.

Slit samnings ef heildstæðar verklagsreglur eru ekki samþykktar.

Ef heildstæðar verklagsreglur eru ekki samþykktar innan fjögurra ára frá gildistöku þessa samnings, og ákveði aðalráðið ekki annað, skal samningur þessi falla úr gildi án tafar.

**AGREEMENT
ON FISHERIES SUBSIDIES**

MINISTERIAL DECISION OF 17 JUNE 2022

The Ministerial Conference;

Having regard to paragraph 1 of Article X of the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization (the “WTO Agreement”);

Recalling the mandate given to Members at the Eleventh WTO Ministerial Conference in 2017 in Buenos Aires that the next Ministerial Conference should adopt an agreement on comprehensive and effective disciplines that prohibits certain forms of fisheries subsidies that contribute to overcapacity and overfishing, and eliminates subsidies that contribute to IUU-fishing recognizing that appropriate and effective special and differential treatment for developing country Members and least developed country Members should be an integral part of these negotiations.

Decides as follows:

1. The Protocol amending the WTO Agreement attached to this Decision is hereby adopted and submitted to the Members for acceptance.
2. The Protocol shall hereby be open for acceptance by Members.
3. The Protocol shall enter into force in accordance with the provisions of paragraph 3 of Article X of the WTO Agreement.
4. Notwithstanding Article 9.4 of the Agreement on Fisheries Subsidies, the Negotiating Group on Rules shall continue negotiations based on the outstanding issues in documents WT/MIN(21)/W/5 and WT/MIN(22)/W/20 with a view to making recommendations to the Thirteenth WTO Ministerial Conference for additional provisions that would achieve a comprehensive agreement on fisheries subsidies, including through further disciplines on certain forms of fisheries subsidies that contribute to overcapacity and overfishing, recognizing that appropriate and effective special and differential treatment for developing country Members and least developed country Members should be an integral part of these negotiations.

ATTACHMENT

**PROTOCOL AMENDING THE MARRAKESH AGREEMENT ESTABLISHING
THE WORLD TRADE ORGANIZATION**

AGREEMENT ON FISHERIES SUBSIDIES

Members of the World Trade Organization;

Having regard to the Decision of the Ministerial Conference in document WT/MIN(22)/33 – WT/L/1144 adopted pursuant to paragraph 1 of Article X of the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization (“the WTO Agreement”);

Hereby agree as follows:

1. Annex 1A to the WTO Agreement shall, upon entry into force of this Protocol pursuant to paragraph 4, be amended by the insertion of the Agreement on Fisheries Subsidies, as set out in the Annex to this Protocol, to be placed after the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures.
2. No reservations may be made in respect of any of the provisions of this Protocol.
3. This Protocol is hereby open for acceptance by Members.
4. This Protocol shall enter into force in accordance with paragraph 3 of Article X of the WTO Agreement.¹

¹ For the purposes of calculation of acceptances under Article X:3 of the WTO Agreement, an instrument of acceptance by the European Union for itself and in respect of its Member States shall be counted as acceptance by a number of Members equal to the number of Member States of the European Union which are Members to the WTO.

5. This Protocol shall be deposited with the Director-General of the World Trade Organization who shall promptly furnish to each Member a certified copy thereof and a notification of each acceptance thereof pursuant to paragraph 3.
6. This Protocol shall be registered in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

Done at Geneva this seventeenth day of June two thousand and twenty-two, in a single copy in the English, French and Spanish languages, each text being authentic.

ANNEX AGREEMENT ON FISHERIES SUBSIDIES

ARTICLE 1

SCOPE

This Agreement applies to subsidies, within the meaning of Article 1.1 of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures (SCM Agreement) that are specific within the meaning of Article 2 of that Agreement, to marine wild capture fishing and fishing related activities at sea.²³⁴ “the WTO Agreement”

ARTICLE 2

DEFINITIONS

For the purpose of this Agreement:

- (a) “fish” means all species of living marine resources, whether processed or not;
- (b) “fishing” means searching for, attracting, locating, catching, taking or harvesting fish or any activity which can reasonably be expected to result in the attracting, locating, catching, taking or harvesting of fish;
- (c) “fishing related activities” means any operation in support of, or in preparation for, fishing, including the landing, packaging, processing, transshipping or transporting of fish that have not been previously landed at a port, as well as the provisioning of personnel, fuel, gear and other supplies at sea;
- (d) “vessel” means any vessel, ship of another type or boat used for, equipped to be used for, or intended to be used for, fishing or fishing related activities;
- (e) “operator” means the owner of a vessel, or any person, who is in charge of or directs or controls the vessel.

ARTICLE 3

SUBSIDIES CONTRIBUTING TO ILLEGAL, UNREPORTED AND UNREGULATED FISHING⁵

- 3.1 No Member shall grant or maintain any subsidy to a vessel or operator⁶ engaged in illegal, unreported and unregulated (IUU) fishing or fishing related activities in support of IUU fishing.
- 3.2 For purposes of Article 3.1, a vessel or operator shall be considered to be engaged in IUU fishing if an affirmative determination thereof is made by any of the following⁷⁸:

² For greater certainty, aquaculture and inland fisheries are excluded from the scope of this Agreement.

³ For greater certainty, government-to-government payments under fisheries access agreements shall not be deemed to be subsidies within the meaning of this Agreement.

⁴ For greater certainty, for the purposes of this Agreement, a subsidy shall be attributable to the Member conferring it, regardless of the flag or registry of any vessel involved or the nationality of the recipient.

⁵ “Illegal, unreported and unregulated (IUU) fishing” refers to activities set out in paragraph 3 of the *International Plan of Action to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing* adopted by the UN Food and Agriculture Organization (FAO) in 2001.

⁶ For the purpose of Article 3, the term “operator” means the operator within the meaning of Article 2(e) at the time of the IUU fishing infraction. For greater certainty, the prohibition on granting or maintaining subsidies to operators engaged in IUU fishing applies to subsidies provided to fishing and fishing related activities at sea.

⁷ Nothing in this Article shall be interpreted to obligate Members to initiate IUU fishing investigations or make IUU fishing determinations.

⁸ Nothing in this Article shall be interpreted to delay, or affect the validity or enforceability of, an IUU fishing determination.

- (a) coastal Member, for activities in areas under its jurisdiction; or
 - (b) a flag State Member, for activities by vessels flying its flag; or
 - (c) a relevant Regional Fisheries Management Organization or Arrangement (RFMO/A), in accordance with the rules and procedures of the RFMO/A and relevant international law, including through the provision of timely notification and relevant information, in areas and for species under its competence.
- 3.3 (a) An affirmative determination⁹ under Article 3.2 refers to the final finding by a Member and/or the final listing by an RFMO/A that a vessel or operator has engaged in IUU fishing.
- (b) For purposes of Article 3.2(a), the prohibition under Article 3.1 shall apply where the determination by the coastal Member is based on relevant factual information and the coastal Member has provided to the flag State Member and, if known, the subsidizing Member, the following:
- (i) timely notification, through appropriate channels, that a vessel or operator has been temporarily detained pending further investigation for engagement in, or that the coastal Member has initiated an investigation for, IUU fishing including reference to any relevant factual information, applicable laws, regulations, administrative procedures, or other relevant measures;
 - (ii) an opportunity to exchange relevant information¹⁰ prior to a determination, so as to allow such information to be considered in the final determination. The coastal Member may specify the manner and time period in which such information exchange should be carried out; and
 - (iii) notification of the final determination, and of any sanctions applied, including, if applicable, their duration.

The coastal Member shall notify an affirmative determination to the Committee provided for in Article 9.1 (referred to in this Agreement as “the Committee”).

- 3.4 The subsidizing Member shall take into account the nature, gravity, and repetition of IUU fishing committed by a vessel or operator when setting the duration of application of the prohibition in Article 3.1. The prohibition in Article 3.1 shall apply at least as long as the sanction¹¹ resulting from the determination triggering the prohibition remains in force, or at least as long as the vessel or operator is listed by an RFMO/A, whichever is the longer.
- 3.5 The subsidizing Member shall notify the measures taken pursuant to Article 3.1 to the Committee in accordance with Article 8.3.
- 3.6 Where a port State Member notifies a subsidizing Member that it has clear grounds to believe that a vessel in one of its ports has engaged in IUU fishing, the subsidizing Member shall give due regard to the information received and take such actions in respect of its subsidies as it deems appropriate.
- 3.7 Each Member shall have laws, regulations and/or administrative procedures in place to ensure that subsidies referred to in Article 3.1, including such subsidies existing at the entry into force of this Agreement, are not granted or maintained.
- 3.8 For a period of 2 years from the date of entry into force of this Agreement, subsidies granted or maintained by developing country Members, including least-developed country (LDC) Members, up to and within the exclusive economic zone (EEZ) shall be exempt from actions based on Articles 3.1 and 10 of this Agreement.

⁹ Nothing in this Article shall be interpreted to delay, or affect the validity or enforceability of, an IUU fishing determination.

¹⁰ For example, this may include an opportunity to dialogue or for written exchange of information if requested by the flag State or subsidizing Member.

¹¹ Termination of sanctions is as provided for under the laws or procedures of the authority having made the determination referred to in Article 3.2.

ARTICLE 4

SUBSIDIES REGARDING OVERFISHED STOCKS

- 4.1 No Member shall grant or maintain subsidies for fishing or fishing related activities regarding an overfished stock.
- 4.2 For the purpose of this Article, a fish stock is overfished if it is recognized as overfished by the coastal Member under whose jurisdiction the fishing is taking place or by a relevant RFMO/A in areas and for species under its competence, based on best scientific evidence available to it.
- 4.3 Notwithstanding Article 4.1, a Member may grant or maintain subsidies referred to in Article 4.1 if such subsidies or other measures are implemented to rebuild the stock to a biologically sustainable level.¹²
- 4.4 For a period of 2 years from the date of entry into force of this Agreement, subsidies granted or maintained by developing country Members, including LDC Members, up to and within the EEZ shall be exempt from actions based on Articles 4.1 and 10 of this Agreement.

ARTICLE 5

OTHER SUBSIDIES

- 5.1 No Member shall grant or maintain subsidies provided to fishing or fishing related activities outside of the jurisdiction of a coastal Member or a coastal non-Member and outside the competence of a relevant RFMO/A.
- 5.2 A Member shall take special care and exercise due restraint when granting subsidies to vessels not flying that Member's flag.
- 5.3 A Member shall take special care and exercise due restraint when granting subsidies to fishing or fishing related activities regarding stocks the status of which is unknown.

ARTICLE 6

SPECIFIC PROVISIONS FOR LDC MEMBERS

A Member shall exercise due restraint in raising matters involving an LDC Member and solutions explored shall take into consideration the specific situation of the LDC Member involved, if any.

ARTICLE 7

TECHNICAL ASSISTANCE AND CAPACITY BUILDING

Targeted technical assistance and capacity building assistance to developing country Members, including LDC Members, shall be provided for the purpose of implementation of the disciplines under this Agreement. In support of this assistance, a voluntary WTO funding mechanism shall be established in cooperation with relevant international organizations such as the Food and Agriculture Organization of the United Nations (FAO) and International Fund for Agricultural Development. The contributions of WTO Members to the mechanism shall be exclusively on a voluntary basis and shall not utilize regular budget resources.

ARTICLE 8

NOTIFICATION AND TRANSPARENCY

- 8.1 Without prejudice to Article 25 of the SCM Agreement and in order to strengthen and enhance notifications of fisheries subsidies, and to enable more effective surveillance of the implementation of fisheries subsidies commitments, each Member shall

¹² For the purpose of this paragraph, a biologically sustainable level is the level determined by a coastal Member having jurisdiction over the area where the fishing or fishing related activity is taking place, using reference points such as maximum sustainable yield (MSY) or other reference points, commensurate with the data available for the fishery; or by a relevant RFMO/A in areas and for species under its competence.

- (a) provide the following information as part of its regular notification of fisheries subsidies under Article 25 of the SCM Agreement^{13, 14}: type or kind of fishing activity for which the subsidy is provided;
 - (b) to the extent possible, provide the following information as part of its regular notification of fisheries subsidies under Article 25 of the SCM Agreement^{12, 13}:
 - (i) status of the fish stocks in the fishery for which the subsidy is provided (e.g. overfished, maximally sustainably fished, or underfished) and the reference points used, and whether such stocks are shared¹⁵ with any other Member or are managed by an RFMO/A;
 - (ii) conservation and management measures in place for the relevant fish stock;
 - (iii) fleet capacity in the fishery for which the subsidy is provided;
 - (iv) name and identification number of the fishing vessel or vessels benefitting from the subsidy; and
 - (v) catch data by species or group of species in the fishery for which the subsidy is provided.¹⁶
- 8.2 Each Member shall notify the Committee in writing on an annual basis of a list of vessels and operators that it has affirmatively determined as having been engaged in IUU fishing.
- 8.3 Each Member shall, within one year of the date of entry into force of this Agreement, inform the Committee of measures in existence or taken to ensure the implementation and administration of this Agreement, including the steps taken to implement prohibitions set out in Articles 3, 4 and 5. Each Member shall also promptly inform the Committee of any changes to such measures thereafter, and new measures taken to implement the prohibitions set out in Article 3.
- 8.4 Each Member shall, within one year of the date of entry into force of this Agreement, provide to the Committee a description of its fisheries regime with references to its laws, regulations and administrative procedures relevant to this Agreement, and promptly inform the Committee of any modifications thereafter. A Member may meet this obligation by providing to the Committee an up- to-date electronic link to the Member's or other appropriate official web page that sets out this information.
- 8.5 A Member may request additional information from the notifying Member regarding the notifications and information provided under this Article. The notifying Member shall respond to that request as quickly as possible in writing and in a comprehensive manner. If a Member considers that a notification or information under this Article has not been provided, the Member may bring the matter to the attention of such other Member or to the Committee.
- 8.6 Members shall notify to the Committee in writing, upon entry into force of this Agreement, any RFMO/A to which they are parties. This notification shall consist of, at least, the text of the legal instrument instituting the RFMO/A, the area and species under its competence, the information on the status of the managed fish stocks, a description of its conservation and management measures, the rules and procedures governing its IUU fishing determinations, and the updated lists of vessels and/or operators that it has determined as having been engaged in IUU fishing. This notification may be presented either individually or by a group of Members.¹⁷ Any changes to this information shall be notified promptly to the Committee. The Secretariat to the Committee shall maintain a list of RFMO/As notified pursuant to this Article.

¹³ For the purpose of Article 8.1, Members shall provide this information in addition to all the information required under Article 25 of the SCM Agreement and as stipulated in any questionnaire utilized by the SCM Committee, for example G/SCM/6/Rev.1.

¹⁴ For LDC Members, and developing country Members with an annual share of the global volume of marine capture production not exceeding 0.8 per cent as per the most recent published FAO data as circulated by the WTO Secretariat, the notification of the additional information in this subparagraph may be made every four years.

¹⁵ The term "shared stocks" refers to stocks that occur within the EEZs of two or more coastal Members, or both within the EEZ and in an area beyond and adjacent to it.

¹⁶ For multispecies fisheries, a Member instead may provide other relevant and available catch data.

¹⁷ This obligation can be met by providing an up-to-date electronic link to the notifying Member's or other appropriate official web page that sets out this information.

- 8.7 Members recognize that notification of a measure does not prejudice (a) its legal status under GATT 1994, the SCM Agreement, or this Agreement; (b) the effects of the measure under the SCM Agreement; or (c) the nature of the measure itself.
- 8.8 Nothing in this Article requires the provision of confidential information.

ARTICLE 9
INSTITUTIONAL ARRANGEMENTS

- 9.1 There is hereby established a Committee on Fisheries Subsidies composed of representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chair and shall meet not less than twice a year and otherwise as envisaged by relevant provisions of this Agreement at the request of any Member. The Committee shall carry out responsibilities as assigned to it under this Agreement or by the Members and it shall afford Members the opportunity of consulting on any matter relating to the operation of this Agreement or the furtherance of its objectives. The WTO Secretariat shall act as the secretariat to the Committee.
- 9.2 The Committee shall examine all information provided pursuant to Articles 3 and 8 and this Article not less than every two years.
- 9.3 The Committee shall review annually the implementation and operation of this Agreement, taking into account the objectives thereof. The Committee shall inform annually the Council for Trade in Goods of developments during the period covered by such reviews.
- 9.4 Not later than five years after the date of entry into force of this Agreement and every three years thereafter, the Committee shall review the operation of this Agreement with a view to identifying all necessary modifications to improve the operation of this Agreement, taking into account the objectives thereof. Where appropriate, the Committee may submit to the Council for Trade in Goods proposals to amend the text of this Agreement having regard, inter alia, to the experience gained in its implementation.
- 9.5 The Committee shall maintain close contact with the FAO and with other relevant international organizations in the field of the fisheries management, including relevant RFMO/As.

ARTICLE 10
DISPUTE SETTLEMENT

- 10.1 The provisions of Articles XXII and XXIII of the GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding (DSU) shall apply to consultations and the settlement of disputes under this Agreement, except as otherwise specifically provided herein.¹⁸
- 10.2 Without prejudice to paragraph 1, the provisions of Article 4 of the SCM Agreement¹⁹ shall apply to consultations and the settlement of disputes under Articles 3, 4 and 5 of this Agreement.

ARTICLE 11
FINAL PROVISIONS

- 11.1 Except as provided in Articles 3 and 4, nothing in this Agreement shall prevent a Member from granting a subsidy for disaster²⁰ relief, provided that the subsidy is:
- (a) limited to the relief of a particular disaster;
 - (b) limited to the affected geographic area;
 - (c) time-limited; and
 - (d) in the case of reconstruction subsidies, limited to restoring the affected fishery, and/or the affected fleet to its pre-disaster level.
- 11.2 (a) This Agreement, including any findings, recommendations, and awards with respect to this Agreement, shall have no legal implications regarding territorial claims or delimitation of maritime boundaries.

¹⁸ Subparagraphs 1(b) and 1(c) of Article XXIII of the GATT 1994 and Article 26 of the DSU shall not apply to the settlement of disputes under this Agreement.

¹⁹ For purposes of this Article, the term “prohibited subsidy” in Article 4 of the SCM Agreement refers to subsidies subject to prohibition in Article 3, Article 4 or Article 5 of this Agreement.

²⁰ For greater certainty, this provision does not apply to economic or financial crises.

- (b) A panel established pursuant to Article 10 of this Agreement shall make no findings with respect to any claim that would require it to base its findings on any asserted territorial claims or delimitation of maritime boundaries.²¹
- 11.3 Nothing in this Agreement shall be construed or applied in a manner which will prejudice the jurisdiction, rights and obligations of Members, arising under international law, including the law of the sea.²²
- 11.4 Except as otherwise provided, nothing in this Agreement shall imply that a Member is bound by measures or decisions of, or recognizes, any RFMO/As of which it is not a party or a cooperating non-party.
- 11.5 This Agreement does not modify or nullify any rights and obligations as provided by the SCM Agreement.

ARTICLE 12
*TERMINATION OF AGREEMENT IF COMPREHENSIVE DISCIPLINES
ARE NOT ADOPTED*

If comprehensive disciplines are not adopted within four years of the entry into force of this Agreement, and unless otherwise decided by the General Council, this Agreement shall stand immediately terminated.

C-deild – Útgáfudagur: 1. júlí 2024

²¹ This limitation shall also apply to an arbitrator established pursuant to Article 25 of the Dispute Settlement Understanding.

²² Including rules and procedures of RFMO/As.